

Hugleiðing um (c)

Husserl held ég það hafi verið, sem setur sviga utanum allt sem við náum ekki taki á. Og snýr sér að því búnu að hreinu svigalausum fyrirbærunum, og segir okkur að gleyma því sem er geymt innan sviga, það sé okkur óviðkomandi. Gleyma? Nei: því svigar eru sem kví fyrir skepnur komnar af fjalli, þeir móta og merkja, koma reglu á það sem áður var stjórnaust og villt, svigar eru tákn mannabyggðar og dilkadráttar. Menn gleyma ekki því sem þeir hafa í svigum. Þeir gleyma einungis lögun þess og umfangi áður en það komst í sviga. Sviga-setning er eins og nafngift, og þjónar sama tilgangi. Við greypum hugtök okkar í sviga svo þau sleppi ekki til fjalla.

Svigar Husserls hefðu frekar átt að snúa út á við, vera)svona(í laginu, það erum við Husserl sem felum okkur innan sviga, ásamt öllum handhægu fyrirbærunum, en allt hitt svikult og svigalaust, á reiki til fjalla. Það er ekki: ég elska (þig). Það er ég sem er í svigum, sem finn þessa miklu ást milli gagnaugna mér. Ég elska)þig(. Þú *svífur út í birtuna*. Þrá mín er að kippa þér innfyrir.

Í von um að þínir svigar leysist upp innan minna.

Var það ekki Heidegger sem kippti þér innfyrir? Eða var það kannski Donne: *Þessi sæng er okkar miðdepill, herbergið heimskringlan*. Því nú kúrum við öll undir sömu himinsæng, svo okkur virðist jafnvel regnboginn nema við jörðu innan sjóndeildar. Tilgangslaust að segja okkur að til séu verur sem ganga í hring í kringum allt, sem er. Móðir mín í kví, kví.

Sjálf orðin kippa útburðinum innfyrir.

Ég hef í hyggju að skreppa andartak út fyrir sviga mína og hitta þig þar undir fjögur augu, langt frá mannabyggðum. Þetta er vissulega fífldirfska, því varla má treysta ósonlagi utanum ystu sviga. En er annarra kosta vöð?

Borgin í fjarska, í svigum: nú erum við)þú og ég(utan sviga, á svikulu reiki. Frá þessum sjónarhóli náum við utanum borgina með þumalfingri og vísifingri og færum hana ofur varlega bakvið hól, bakarí hennar og sorpdælustöðvar, vélahljóð hennar og angan úr kryddjurtagörðum, og geymum hana þar: (borgina). Því eðli okkar manna og eina viskan er að kunna að setja sviga utanum lifandi ferli svo hægt sé að geyma

þau bakvið hól og taka þau fram í heilu lagi þegar þess gerist þörf.

Í fjallaþögninni er unnt að gangsetja formúluna fyrir ferli: $(a \rightarrow b)$, a breytist í b. Við höfum hana í svigum svo hún verði meðfærileg, svo við getum látið sem hún sé heil og óskipt, og kallað hana til dæmis einfaldlega (c). Svo hún gægist ekki fram fyrir hólinn og skemmi útsýnið.

En fjallaþögnin er kvik af óvissu, ómerkingar alls staðar á sveimi. Þokan nagar göt í fjallahringinn. Formúlan $(a \rightarrow b)$ rýmist ekki lengur innan einfaldra sviga. Borgin stækkar, við neyðumst sífellt til að finna okkur stærri og stærri hóla, að lokum duga varla heil fjöll, sérstaklega þegar dimmir, þegar bjarmi hennar ógnar hálfum himninum, þegar jeppaljós hennar glampa um hálendið.

Við erum nú orðin ögn vitrari. Langt er síðan mannkynið fékk sér a, og seinna b; en nú rennur upp fyrir okkur að a og b hafa alltaf verið í svigum, þau voru höfð í svigum frá upphafi: án sviga yrðu þau annað og meira, hamslaus, ómerkingar: krúnk, krúnk. Sjálft a er í rauninni heil svigaformúla sem hefur að geyma ferli, og breytingin í b er ekki afstaðin, og verður ekki á meðan borgin stækkar, og jafnvel þótt hún fari aftur einhverntíma að minnka. Því ef formúlan fyrir ferli er $(a \rightarrow b)$, og a er ferli, þá lítur heildarferlið þannig út:

$$((a \rightarrow b) \rightarrow b)$$

Og af því leiðir að heildarheildarferlið lítur út þannig:

$$(((a \rightarrow b) \rightarrow b) \rightarrow b)$$

Og heildarheildarferlisferlið:

$$((((a \rightarrow b) \rightarrow b) \rightarrow b) \rightarrow b)$$

Og:

$$((((((a \rightarrow b) \rightarrow b) \rightarrow b) \rightarrow b) \rightarrow b) \rightarrow b)$$

Og . . .

Fyrir utan ystu svigana, fyrir utan ósonlagið, tekur tómið við. Tómið sem eyðileggst og fyllist af svigum um leið og hugsunin snertir það, og skreppur því út undan allri hugsun. Hinn ysti skyndeildarhringur. Ekki duga venjulegir svigar sem tákn fyrir jafn stórt hugtak og skyndeild. Við neyðumst til að nota hornklofa.

Endanlega er formúlan því svona:

$$[(a \rightarrow b) \rightarrow b] = c$$

Þess ber að geta, að hornklofar líta ekki út sem hornklofar séð utanfrá. Í augum útburðarins eru hornklofar einungis venjulegir svigar.